

## Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um meðferð frumvarps  
stjórnlagaráðs til stjórnarskipunarlaganna.

Frá meiri hluta stjórnarskipunar- og eftirlitsnefndar (VBj, RM, DSt, LGeir, MN, MT).

Tillöggugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að frumvarp til stjórnarskipunarlaganna sem stjórnlagaráð afhenti Alþingi 29. júlí 2011 og skýrsla þar um sem vísað var til stjórnarskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis fari í eftirfarandi ferli:

a. Með vísan til sameiginlegrar yfirlýsingar allra fulltrúa í stjórnlagaráði í bréfi til forseta Alþingis, dags. 29. júlí 2011, þar sem þeir lýsa sig reiðubúna til að koma aftur að málinu ef fram koma breytingartillögur við frumvarp ráðsins, verði stjórnlagaráð, sem skipað var af Alþingi 24. mars 2011, kallað saman að nýju til sérstaks fjögurra daga fundar í byrjun mars til að fjalla um spurningar og tillögur stjórnarskipunar- og eftirlitsnefndar að mögulegum breytingum á frumvarpinu, sem og um aðra þætti í frumvarpinu sem ráðinu þykir þurfa. Verði það niðurstaða stjórnlagaráðs að tilefni sé til að gera breytingar á áður fram komnum tillögum skal ráðið skila breytingartillögum til stjórnarskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis eigi síðar en 12. mars 2012.

Stjórnlagaráð skal á fundi sínum starfa samkvæmt þeim starfsreglum sem það hefur áður samþykkt, eftir því sem við getur átt, og skal kjör í embætti ráðsins, þ.e. formanns, varaformanns og nefndarformanna og varaformanna nefnda, halda sér, sem og kjör annarra ráðsmanna í nefndir. Fulltrúum í stjórnlagaráði skal greidd þóknun fyrir störf sín á framangreindum fundi sem samsvarar hlutfallslega þeim launum sem þeir nutu á starfstíma stjórnlagaráðs. Kostnaður við fundinn og þóknun til fulltrúa í ráðinu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt nánari ákvörðun Alþingis. Undirbúningur og boðun fulltrúa stjórnlagaráðs til vinnufundarins verði í höndum skrifstofu Alþingis sem m.a. sjái ráðinu fyrir fundaraðstöðu og annari nauðsynlegri aðstöðu, þar á meðal starfsmönnum.

b. Stjórnarskipunar- og eftirlitsnefnd geri tillögu til Alþingis um að tillögurnar í heild, með breytingartillögum stjórnlagaráðs ef við á, ásamt spurningum um helstu álitæfni verði bornar upp í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu, sbr. lög um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna. Þingsályktunartillaga stjórnarskipunar- og eftirlitsnefndar um ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu komi til lokaafgreiðslu Alþingis eigi síðar en 29. mars 2012 og verði hún samþykkt skal þjóðaratkvæðagreiðsla samkvæmt tillögunni fara fram 30. júní 2012 samhliða forsetakjöri.

c. Alþingi skal standa fyrir viðtækri kynningu á efni þeirra tillagna og spurninga sem bornar verða upp í þjóðaratkvæðagreiðslu, sbr. 6. gr. laga um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna.